

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frv. þetta er hið þriðja í röðinni um tekjustofna sveitarfélaga, sem flutt er af núverandi ríkisstjórn síðan á árinu 1960. Lög nr. 43 9. júní 1960 voru fyrstu lögín, þar sem fyrir var mælt um fasta útsvarsstiga. Samkvæmt þessum lögum var sérstakur útsvarsstigi fyrir Reykjavík, annar fyrir bæjarfélög og þriðji fyrir önnur sveitarfélög. Þessir misjöfnu útsvarsstigir þóttu ekki heppilegir, og voru þeir afnumdir með nügildandi lögum um tekjustofna sveitarfélaga, en þau eru nr. 69 frá 28. apríl 1962 og eiga því tveggja ára afmæli í dag. Og nú er þeim lögum óbreyttum ekki ætlaður lengri aldur, þar sem þetta frv. er fram komið.

Í þessu frv. er þó ekki um stefnubreytingu að ræða, þar sem haldið er áfram á þeirri braut, sem mörkuð var 1960. Augljóst er, að útsvarsgreiðendum fækkar, þar sem persónufrádráttur er upp tekinn í stað sérstaks frádráttar frá útsvari. Þetta virðist vera til hagræðis fyrir þá, sem hafa fyrir barnmörgum fjölskyldum að sjá, en hins vegar getur hér orðið um að ræða erfitt viðfangsefni í fámennum sveitarfélögum, þar sem tekjur eru lágar og byrðarnar leggjast á mjög fáa gjaldendur.

Það liggur í augum uppi, að útgjöld sveitarfélaga hljóta að stórhækka á þessu ári miðað við s. l. ár. Þar á sinn ríka þátt hin gífurlega dýrtíðaraukning, sem virðist vera óviðráðanleg hjá núverandi ríkisstjórn. Hækkandi tekjur fólks vega ekki á móti hækkandi dýrtíð. Ekki stafar þetta af slæmu árferði eða aflaleysi, því að undanfarin ár hafa verið mjög hagstæð til lands og sjávar. Órðugleikar almennings stafa að verulegu leyti frá stjórnarfarinu, sem hvorki er í anda gefinna loforða um „bætt lífskjör“ fólksins né í samræmi við getu og þarfir þjóðarinnar. Vömb „Viðreisnarinnar“ er stór og gleypir mikið.

Enda þótt ég sem minni hl. nefndar mæli með samþykkt frv. með breytingum, tel ég eigi að síður, að betur þyrfti að gera í þessum efnunum, því að margt er það í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, sem þarf endurskoðunar við.

Jöfnunarsjóð sveitarfélaga þarf að efla til muna, svo að hann geti dregið verulega úr því misræmi, sem nú ríkir á milli útsvarsbyrða í einstökum bæjum og sveitarfélögum miðað við ástæður. Það er vitað mál, að þarfir sveitarfélaganna eru mjög misjafnar. Reykjavíkurborg, bæjarfélög og sveitarfélög, sem mynduð eru í þéttbýli, sinna ýmsum málefnum íbúa sinna, sem útilokað er fyrir strjálbýli sveitarfélög að sinna. Þess vegna er það réttlætánlegt, að útsvör séu yfirleitt hærri í þéttbýli, þar sem komið er til móts við almenning með margháttuðum framkvæmdum, sem sjálf-sagðar þykja, svo sem vatnsleiðslum, skólpleiðslum, hitaveitum, rafmagni og félagslegri starfsemi ýmiss konar. Sveitarfélögin í strjálbýlinu geta ekki veitt sams konar þjónustu. Þar verður hvert heimili að sjá sér fyrir ýmsu því, sem hin þéttbýlli sveitarfélög hafa aðstöðu til að framkvæma á félagslegum grundvelli. Flest útgjöld sveitarfélaganna eru lögbundin og koma engu síður við þá, sem húa í hinum fámennari sveitarfélögum. Þess vegna þarf að efla jöfnunarsjóð sveitarfélaga, svo að hægt verði að auka framlög hans til fámennra og illa staddra sveitarfélaga. Tekjur hans þurfa því að vaxa, eins og breytingartillögur minni hl. nefndarinnar þess efnis bera með sér.

Það virðist mjög eðlilegt, að allar þær sveitarstjórnir, þar sem skattstjóri hefur ekki búsetu, reikni sjálfar út útsvörin. Þetta er miklu eðlilegra en fela þessi verkefni reiknivélum, sem geta ekki tekið tillit til aðstæðna manna. Fráleit hugsun er það að ætla sér að láta bæjar- og sveitarfélög greiða skattyfirvöldum fé fyrir störf í þágu sveitarfélaganna. Þegar yfir- og undirskattanefndir voru lagðar niður, átti það að álitu fjármálaráðherra að vera sparnaður fyrir ríkissjóð. Hefur sá sparnaður orðið í reynd, eða hefur hið nýja fyrirkomulag jafnvel leitt til svo mikils kostnaðar, að nauðsynlegt þyki að velta einhverju af honum yfir á sveitarfélögin?

Allt fram undir 1960 var sveitarstjórnnum í sjálfsvald sett, hverjar reglur þær notuðu við niðurfögnun útsvara. Kjarni laga nr. 66 frá 1945 var sá, að „útsvar skal leggja á eftir efnunum og ástæðum“. Yfirleitt gáfust þessar reglur vel, og enn þá virðist erfitt að ganga fram hjá þeim undirstöðuatriðum, sem í þeim felast.

Breytingartillögur minni hl. nefndarinnar eru bornar fram á sérstöku þingskjali. Einn nefndarmanna, Karl Kristjánsson, var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt í nefnd.

Alþingi, 28. apríl 1964.

Ásgeir Bjarnason.